

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

823. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 3. mars 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við sviðsstjóra og rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.
2. Viðræður við framkvæmdastjóra Selaseturs Íslands.
3. Beiðni um framlengingu á leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags.
4. Bréf Norðurlandsskóga v/ Torfastaða í Miðfirði.

Afgreiðslur:

1. Sviðsstjóri og rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs eru mættir til fundar með byggðarráði. Rætt um undirbúning vegna kaupa á vatnsrennibraut, vinnu við aðalskipulag, endurnýjun rennismæla og lagfæringar á inntökum hitaveitu, viðhald íbúða, fráveitumál, fund með verktaka um sorphirðu ofl. Rekstrarstjóri kynnti fyrirspurn frá Sigurði Þór Ágústssyni, um möguleika á því að tengja íbúðarhús að Mörk við vatnsveitu sveitarfélagsins. Byggðarráð tekur vel í erindið og felur framkvæmda- og umhverfissviði skoðun málsins.
2. Viðræðum við framkvæmdastjóra Selasetur Íslands frestað til næsta fundar.
3. Fram lögð beiðni um framlengingu leikskólavalar utan lögheimilissveitarfélags fyrir Brimi Hrafn Hrannarsson og Sonju Maríu Viðarsdóttur til 15. júlí 2014. Byggðarráð samþykkir framlagðar beiðnir.
4. Fram lagt bréf Norðurlandsskóga þar sem gerð er grein fyrir samningi Norðurlandsskóga og Hrefnu Hrólfsdóttur um skógrækt á Torfastöðum í Miðfirði. Í bréfinu er sérstök athygli vakin á því að skv. ákvæðum reglugerðar nr. 772/2012 skulu sveitarstjórnir ákvarða hvort skógrækt þurfi framkvæmdaleyfi. Fyrirhugað skógræktarsvæði er 32 ha. að stærð og er allt neðan 200 metra yfir sjávarmáli. Byggðarráð samþykkir að vísa bréfinu til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs. Samþykkt að taka á dagskrá:
5. Til kynningar lagt fram bréf stjórnar UMFÍ þar sem auglýst er eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 6. Landsmóts UMFÍ 50+ árið 2016 og 20. Unglingalandsmóts UMFÍ árið 2017.
6. Fram lagður tölvupóstur frá Baldri Heimissyni, Olgu Lind Geirsdóttur og Þorbjörgu Ingu Ásbjarnardóttur þar sem svarað er atriðum er fram komu í tölvupósti frá sveitarstjóra í framhaldi af samþykkt og umræðum á 822. fundi byggðarráðs þann 24. febrúar sl. Í tölvupósti þeirra er ítrekuð ósk um að fallið verði frá seinkun heimferðar skólalífreiðar á mánudögum á leið 6 um Vatnsnes. Byggðarráð samþykkir ofangreinda ósk og felur sveitarstjóra og skólastjóra grunnskólans að koma breytingunni í framkvæmd og tilkynna hlutaðeigandi. Öðrum liðum tölvupóstbréfsins vísað til skoðunar sviðsstjóra fjölskyldusviðs, skólastjóra grunnskóla og sviðsstjóra fjármála og stjórnsýslusviðs.
7. Lögð fram umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags á vorönn 2014 fyrir Gunnar Þorgeir Guðnason. Byggðarráð samþykkir umsóknina.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:27

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.